

Flokkskúgunin ógrímuklædd

ÖLLUM er enn í fersku minni það ofurkapp og þau bolabrogð, er þeir Ólafur Thors og Hermann Jónasson höfðu í frammi eftir að þeir höfðu komið sér saman um frambjóðanda við forsetakjörið í sumar og gert stuðning við hann að flokksmáli hvor í sínum flokki, þrátt fyrir fjölmörg mótmæli ágættra og þrautreyndra flokksmanna þeirra, sem töldu það óhæfu, að gera forsetakjör að flokksmáli og skerða á þann hátt rétt kjóсандans til þess að ráða atkvæði sínu sjálfur við svo ópólitíska kósningu. Aldrei hefur ofríki flokkavaldsins verið beitt af annarri eins ófyrirleitni hér á landi og við þetta tækfæri. Ekki aðeins voru blöð þeirra Ólafs og Hermanns látin hefja hin hatrammasta og ósæmlegasta áróður gegn Ásgeiri Ásgeirssyni, heldur voru þau og látin ráðast á eigin flokksmenn, sem studdu framboð hans; en sjálfir þeystu þeir Ólafur og Hermann og helztu fylgismenn þeirra um landið þvert og endilangt í bílum til þess að handjarna flokksmenn sína til fylgis við forsetaefni þeirra. Hótanir við þá, sem ekki vildu hlýða, voru daglegt brauð, bæði í ræðu og riti; og þó að eitthvað hafi dregið úr þessum ofsa eftir forsetakjörið, veit enginn nema eftir sé að komi fram einhverjum hefndum eða refsiráðstöfunum við suma þá flokksmenn þeirra Ólafs og Hermanns, sem gerðust svo djarfir, að vilja ráða atkvæði sínu sjálfir við forsetakjörið og kusu Ásgeir Ásgeirsson.

En það var einn flokkur, sem miklu hægar hafði um sig meðan á baráttunni um forsetakjörið stóð, en flokkar þeirra Hermanns og Ólafs, þó að hann sé ekki vanur því, að vera eftirbátur annarra um flokkskúgun og bolabrogð; og það var Kommúnistaflokkurinn eða „Sósíalistaflokkurinn“, eins og hann kallar sig hér. Sjálfsgagt var þetta vegna þess, að hann hafði ekkert forsetaefni í kjöri; en þar fyrir fór það ekkert leynt, að hann vildi fá að ráða afstöðu flokksmanna sinna, engu síður en stjórnarflokkarnir. Snemma var það gert heyrinkunnugt, að hann bannaði þeim að neyta kosningaréttar síns til þess að styðja nokkurt forsetaefnið; og ekki hvað sízt báru nokkrar rætnar árásir Þjóðviljans á Ásgeir Ásgeirsson því ótvíráðan vott, að ekki væri að minnsta kosti honum ætlað að fá mörg atkvæði frá kommúnistum eða fylgismönnum þeirra.

En það fór eins í Kommúnistaflokknum og í báðum

stjórnarflokknum, að margir risu upp gegn slíkri flokkskúgun og áskildu sér fullan rétt að ráða sjálfir atkvæði sínu við forsetakjörið. Á meðal þeirra var Hjörtur Kristmundsson kennari, sem ásamt ellefu öðrum flokksmönnum eða fylgismönnum kommúnista mótmælti á prenti hjásetufyrirskipun „Sósíalistaflokksins“ og skrif um Þjóðviljans á móti Ásgeiri Ásgeirssyni og hvatti beinlínis til þess að greiða honum atkvæð á kjördegi, hvað sem öllum flokkssamþykktum liði. Það er nú komið í ljós, að þetta hefur ekki verið talið neitt smáræðisbrot við yfirlýstan vilja og fyrirskipun þeirra Einars og Brynjólfs — enda hafði Einar bannað Hirti og félögum hans að birta slíka yfirlýsingu! — því að Hjörtur hefur nú verið rekinn formlega úr „Sósíalistaflokknum“ fyrir óhlýðnina!

Þar með hafa þeir Einar og Brynjólfur nú alveg „slegið“ met þeirra Ólafs og Hermanns í flokkskúgun og bolabrogðum í sambandi við forsetakjörið; því að þeir hafa með brottrekstri Hjartar Kristmundssonar framkvæmt það, sem hinir höfðu þó ekki nema hótad, og það í hita baráttunnar! Það er, sem sagt, brottrekstrarsök í „Sósíalistaflokknum“ að hafa kosið Ásgeir Ásgeirsson eða hvatt til þess að kjósa hann! Og hvaða máli skiptir það, þótt það hafi verið helgur réttur hvers einasta kjósandans í landinu, samkvæmt stjórnarskránni, að neyta kosningaréttar síns og ráða sjálfur atkvæði sínu við forsetakjörið? Ef „Sósíalistaflokknum“, þ. e. þeim Einari og Brynjólfi, þóknast, skulu flokksmenn hans engu að síður sviptir þeim rétti eða þeir reknir úr flokknum, ef þeir ekki láta sér það lynda!

Hér sýnir Kommúnistaflokkurinn sitt rétta, ógrímuklædda andlit. Það er flokkskúgunin og hlýðniskrafan, skilyrðislaus, sem flokksmenn hans eiga að beygja sig fyrir, hvað sem lögum og rétti liður, — að viðlögðum brottrekstri, rögi og ofsóknum. Í lýðræðislandi, eins og Íslandi, eru slíkum ofsóknum auðvitað takmörk sett; en hvar halda menn, að Hjörtur Kristmundsson væri í dag, ef hann hefði verið austan járntrjalds og leyft sér að fylgja sannfæringu sinni við kosningar þar, eins og hann gerði hér? Ætli hann væri ekki vistaður í einhverju fangelsinu þar, eftir að hafa verið „hreinsaður“ úr flokknum fyrir því líkan glæp?



Norræni utanríkisráðherrafundurinn. Norræna utanríkisráðherrafundinum, þeim fyrsta, sem haldinn hefur verið í Reykjavík, lauk í gær. Hann var haldinn í háskólanum og sést að störfum hér á myndinni. Til vinstri við borðið sitja utanríkisráðherrar og aðrir fulltrúar Íslendinga og Dana; á meðal þeirra sást Bjarni Benediktsson og frú Bodil Begtrup sendiherra (önnur frá vinstri). Til hægri sitja utanríkisráðherrar og aðrir fulltrúar Norðmanna og Svía; þar sjást í miðri þeir Halvard M. Lange og Östen Undén. Torgeir Andersen-Rysst sendiherra Norðmanna er annar maður á myndinni, talið frá hægri.

Handíða og myndlistaskólinn fær nú aukið húsnæði

Starfsemi skólans verður enn fjölbreyttari en áður.

HANDÍÐA OG MYNDLISTASKÓLINN, sem haft hefur til afnota tvær hæðir hússins Grundarstígur 2 A, hefur nú fengið til afnota þriðju hæðina til viðbótar vegna aukins nemendafjölda. og fleiri kennslugreina. Í fyrra sóttu skólann um 400 nemendur og er búist við svipuðum nemendafjölda í ár. Lúðvig Guðmundsson skólastjóri skýrði fréttamanni AB svo frá í gær, að ákveðið hefði verið að taka upp ýmsar nýjungar í skóla starfinu, má í því sambandi nefnda sérstaka teiknistofu, þar sem almenningur getur fengið teikningar af húsgögnum.

Kennslan hefst um næstu mánaðamót. Í meginatriðum verður tilhögun kennslunnar með líkum hætti og að undanfögnu. Undanfarið hefur skólinn búið við mjög þröngan húsakost, sem mjög hefur háð starfi hans. Bæstist nú nokkuð úr þessu með því að skólastjórnin, sem um mörg ár hefur búið í skólahúsinu á Grundarstíg 2A, flytur úr því. Verða þá þrjár hæðir hússins teknar í skólans þarfir. En mjög aðkallandi er það, að skólinn fái leyfi til að auka við leirmótunarföng og smíðju skólans, sem er að húsbaki. Eins og nú er notast mjög illa að því húsnæði.

Auk myndlistadeildar skólans og teiknikennaraðeldarinnar, sem eru dagdeildir, starfa margir deildir síðdegis og á kvöldin m. a. í hvers konar teiknun, bókbandi, leðurvinnu, tréskurði o. s. frv. Eins og áður mun Björn Th. Björnsson listfræðingur halda uppi reglubundinni listfræðslu fyrir almenning. Til þess að gera sem flestum kleift að notfæra sér fræðslu þessa, munu fyrirlestrarnir verða fluttir kl. 8—10 síðd. eitt kvöld í viku. Með hverju erindi verða sýndar myndir til skýringa. Fáist næg þátttaka, mun einnig verða tekin upp listfræðsla fyrir börn og unglinga, sú fræðsla fer fram síðdegis.

ÁNÆGJULEGUR ÁRANGUR AF KOMU PRÓF. MÜLLERS

Á s. l. vori bauð skólinn hingað próf. Hans Alexander Müller, víðkunnum listamanni á sviði svartlistar. Fyrir heimsstyrjöldina síðari hafði hann verið prófessor í nálega 18 ár við ríkis-

akademíið í svartlist (Graphik) í Leipzig. Árið 1937 flýði hann land og settist að í Bandaríkjunum, og kennir nú listgreinar sínar, tréristu, tréstungu, raderingu og steinprent við myndlistarskóla Columbiuháskóla í New York. Hér hélt próf. Müller námskeið í tréristu og tréstungu, og sóttu það 16 manns, þ. á. m. nokkrir af kunnusu listmálurum vorum. Flutti próf. Müller einnig fyrirlestur í boði háskólans um svartlist og þróun hinna ýmsu greina hennar. Við val próf. Müllers réði það sjónarmið, að bjóða hingað víðurkenndum listamanni á sérsviði, sem til þessa hefur um of verið vanrækt hér á landi. Er eigi efa, að koma hans, kennsla og sýning hans hafa stórum aukið áhuga og skilning almennings á þessum göfugu listgreium, og má vænta þess, að áhrif þessi komi enn skýrar fram áður en langt um liður.

Nú þegar er í athugun, að bjóða öðrum víðurkenndum, er lendum myndlistarmann; hingað, þegar dag fer að lengja. Er þá ráðgert, að hann kenni við skólann í 2—2½ mánuð, en dveljist síðan nokkrar vikur hér næsta vor og ferðist um landið.

FJÖLBREYTTUR LISTIÐNAÐUR

Á sviði listiðnaðar hefur margt athyglisvert verið unnið í skólanum að undanfögnu. Hér hefur „2. verð námskeið“ í drifsmíði fyrir silfur- og gullsmíði. Í bókbandi og einstökum sérgreinum handbókbanda hafa verið haldin námskeið fyrir bókbandssveina og meistara.

Í haust opnar skólinn sérstaka teiknistofu, þar sem menn geta fengið gerðar teikningar af húsgögnum o. fl. Húsgagna teiknari er ráðinn Sveinn Jóh. Kjarval. Innan skamms mun teiknistofan einnig taka að sér teiknun og gerð ýmissa kirkjugripa. — Til þessa hefur skólinn litið getað sinnt bókbandsvinnu fyrir aðra en nemendur sína; en nú er áformað, að skólinn ráði í sína þjónustu bókbindara, sem tekur að sér bókband, gerð gestabóka, skrautmappa o. þ. h.

Síðdegis og á kvöldum fer fram kennsla í tækniteiknun í teiknistofunni. Um það efni hefur skólinn einnig samvinnu við Skarphéðin Jóhanusson arkitekt.

Síðan Bandalag leikfélaga var stofnað fyrir tveimur árum hefur nokkuð af kennslu þess í gerð og útbúnaði leiksviða og leiktjalda farið fram í skólanum. Er ráðgert, að sú samvinna haldi áfram.

KENNARAR ÞEIR SÖMU OG ÁÐUR

Kennarar skólans verða í vetur flestir þeir sömu og undanengin ár, listmálarnir Sigurður Sigurðsson og Valtýr Pétursson, frú Tove Ólafsson myndhöggvari, frú Valgerður Briem, Björn Th. Björnsson listfr., frú Ester Búadóttir listmálari, Sigríður Björnsdóttir teiknikennari, Sveinn Jóh. Kjarval o. fl. Það mun gleðja marga af fyrri tréskurðarnemendum skólans, að Ágúst Sigurmundsson tréskurðarmeistari, sem áður kenndi við skólann, mun nú í vetur taka að sér einn námsflokk í tréskurði, og þá væntanlega aðeins þá, sem áður voru Framhald á 7. síðu.

Prentvillupúkinn ýkir síldarfréttir

PRENTVILLUPÚKINN var á kreiki hér í blaðinu í gær með þeim glæsilega árangri, að hann gaf Akurnesingum hvorki meira né minna en 11 þús. tunna síldveiði á einum degi. Að sjálfsögðu var þetta stórvæðing hjá púkanum, því að veiðin var ekki nema 1100 tonn, og var það bezta veiði á einum degi í sumar.

Spánn

E.s. „Brúarfoss“ fermir vörur til Íslands í Barcelona um mánaðarmót september og október.

H.F. Eimskipafélag Íslands.

AB — Alþýðublaðið. Utgefandi: Alþýðuflokkurinn. Ritstjóri: Stefán Pjetursson. Auglýsingastjóri: Emma Möller. — Ritstjórnarsímar: 4901 og 4902. — Auglýsingasími: 4906. — Afgreiðslusími: 4900. — Alþýðuprentsmiðjan, Hverfisgötu 8—10. Áskriftaryerð blaðsins er 15 krónur á mánuði; í lausasölu 1 króna hvert tölublað.